



VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (*)



1. STARFSHEITI, HEITI STARFSGREINAR EDA NÁMSBRAUTAR

Aðstoðarfólk í leik- og grunnskólum: skólaliði, stuðningsfulltrúi í grunnskóla, leiðbeinandi í leikskóla

2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS

Assistance personel in pre- and primary schools

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

Handhafi þekkir

- þroskaferil og þroskaþætti barna og unglunga
- helstu viðfangsefni, aðferðir og kenningar í uppeldisfræði, félagsfræði og þroskasálfræði
- námskrár á leik- og grunnskólastigi
- uppeldismarkmið leik- og grunnskóla
- hlutverk og stefnu leik- og grunnskóla
- leik- og grunnskóla sem starfsvettvang og þau réttindi og skyldur sem störfum þar fylgja
- hlutverk og ábyrgð starfsmanna leik- og grunnskóla
- mikilvægi leiks í námi barna.

Handhafi er fær um að

- annast börn og ungmenni af öryggi og fagmennsku
- eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti við foreldra, stjórnendur og samstarfsfólk
- vera góð fyrirmynd og félagsmótunaraðili
- taka þátt í skapandi innra starfi á vinnustað
- greina samskiptavanda og leita lausna á honum
- leita upplýsinga um uppbyggingu og stefnur uppeldisstofnana.

4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Hjá leiðbeinendum í leikskólum er starfið fyrst og fremst fólgið í umönnun, uppeldi og menntun barna á aldrinum eins til sex ára. Leiðbeinandi í leikskóla tekur þátt í daglegu starfi leikskólans og sinnir fjölbreyttum verkefnum. Hann tekur þátt í að framfylgja markmiðum aðalnámskrár leikskóla og vinnur að innra starfi skólans. Starfið felst einnig í að leiðbeina börnum við leik og störf og vera þeim góð fyrirmynd. Áhersla er lögð á markvisst foreldrasamstarf sem m.a. felst í því að veita foreldrum upplýsingar, færni í mannlegum samskiptum og hæfni til að mæta hverju barni á eigin forsendum.

Starfsvettvangur skólaliða og stuðningsfulltrúa er í grunnskólum. Starf skólaliða felur m.a. í sér umsjón með börnum í útivist og á matmálistímum, umsjón með skólahúsnæði og skyldum verkefnum. Starf stuðningsfulltrúa í grunnskóla er fólgið í að liðsinna börnum sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda til að geta sinnt námi sínu og stundað skólann. Lögð er áhersla á færni í mannlegum samskiptum og þess krafist að viðkomandi sé tilbúinn að bæta við sig þekkingu til að annast fötluð börn og börn af erlendum uppruna. Mikilvægt er að þessir aðilar hafi þekkingu og færni í að sinna félagsstarfi, en þar er að finna ákveðna undirstöðu til að starfa með börnum og unglungum í leik og námi. Þessi störf eru í mikilli þróun og eru tilfallandi verkefni hluti starfsins.

(*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfum, sjálfbóðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fast hjá: www.cedefop.eu.int/transparency

© Evrópusambandið 2002

5. LÖGFORMLEG ATRIÐI

Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið Framhaldsskóli á Íslandi sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem menntamálaráðherra gefur út.	Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega) Framhaldsskólastig Isced 3	Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf 1-10 Lágmarkseinkunn 5.
Aðgangur að næsta þrepi menntunar/þjálfunar Viðbótarnám til stúdentsprófs.	Alþjóðlegir samningar
Lagalegur grunnur Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.	

6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

Meðalnámstími er tvö ár og á þeim tíma er námi og kennslu hagað sem hér segir: nám í skóla í þrjár annir, að próftíma meðtöldum. Vinnustaðanámi er samtals 9 vikur.

Inngönguskilyrði

Grunnskólapróf

Viðbótarupplýsingar

Frekari upplýsingar er að finna á:
www.menntamalaraduneyti.is

Upplýsingamiðstöð í landinu

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, www.menntamalaraduneyti.is